

# STARTARAR OG ALTERNATORAR

fyrir allar gerðir bíla, báta og vinnuvéla

Frí heimsending um allt land

Glerárgata 34b v/ Hvannavelli · 600 Akureyri  
Sími: 461 1092 · E-mail: asco@asco.is

**ÁSCO**



## Þín Þingeyri

Í byrjun ágúst birtust á Þingeyri fjórir ungir landslagsarkitektar, komu sér fyrir í gömlu húsi og hófu að rannsaka líf og starf íbúa í þessu fallega þorpi.

– sjá bls. 6–8



## Óháð fréttablað á Vestfjörðum **BÆJARINS BESTA**

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 10. nóvember 2016 · 42. tbl. · 33. árg. · Ókeypis eintak



Tónleikar Villa Valla og félagar í Edinborgarhúsinu.



**HAMRABORG**

Hamraborg ehf · Hafnastræti 7  
Sími 456 3166



**HAMRABORG  
SAMLOKA**  
Geymist við 0-4°C

með hangikjöti og salati



**HAMRABORG  
SAMLOKA**  
Geymist við 0-4°C

með roastbeef



**HAMRABORG  
SAMLOKA**  
Geymist við 0-4°C

með kjúklingasalati



**HAMRABORG  
SAMLOKA**  
Geymist við 0-4°C

með rækjum og eggjum

*Alltaf  
nýsmurt*

# Vestfirskir listamenn

— Sigrún Magnúsdóttir —

Öndvegisverk: Anette í Bláu kápunni, 1938, Mí prinsessa í Brosandi land, 1940, Nitouche í samnefndum leik, 1941



Sigrún Magnúsdóttir,

f. 25. nóvember 1904 á Ísafirði, d. 7. júlí 1981 á Ísafirði.

Sigrún Magnúsdóttir var ekki af neinu konunglegu kyni, eina konunglegt sem má tengja við hana er að hún nam listir við konunglega leikhúsið í kóngsins Kaupmannahöfn í Danmörku. Samt var hún ekki bara nefnd drottning hér á landi heldur óperettudrottning.

Sigrún Magnúsdóttir fæddist á Ísafirði árið 1904. Víst var listin í ættinni því foreldrar hennar voru bæði öflug í leiklistarstarfi bæjarins. Móðurbróðir hennar er tón-

listarmaðurinn Jónas Tómasson og móðurafinn Tómas Jónsson er samdi og þýddi leikrit. Það er því ekki skrítið að listagyðjan hafi kitlað Sigrúnu. Á 21 aldursári lék hún sitt fyrsta stóra hlutverk í leikhúsinu. Leikstjóri á þeim tíma vestra var löngum Haraldur Björnsson fyrsti lærði leikari þjóðarinnar. Svo vel líkaði honum list ungu stúlkunnar að hann hvatti hana til að sækja um hjá konunglega leiklistarskólanum í Danmörku. Hún fékk inni og

sigldi utan árið 1928.

Að námi loknu, 1930, snéri hún aftur heim og fékk strax hlutverk hjá Leikfélagi Reykjavíkur. Skömmu síðar sló hún í gegn í óperettunni Lagleg stúlka fæst gefins eftir Cornelius og Neubach. Leikstjóri var vinur hennar Haraldur Björnsson sem á líklega hve stærstan þátt í leikævintýri Sigrúnar. Þetta var aðeins fyrsta óperettan af mörgum sem þau áttu eftir að gera saman. Inn á milli hlutverka í leikhúsinu fyrir sunnan fór hún reglulega vestur. Hún var einmitt á Ísafirði í upphafi árs 1934. Nánar tiltekið 25. janúar og stofnar ásamt frænda sínum Jónasi Tómassyni og fleirum kór, Sunnukórinn.

Segja má að haustið 1937 hafi ferill Sigrúnar hafist fyrir alvöru. Þá lék hún í óperettunni Systirin frá Prag í leikstjórn Haraldar nema hvað. Leikurinn sló í gegn og það gerðu einnig næstu óperettuuppfærslur þeirra Sigrúnar og Haraldar. Bláa kápan, Meyjarskemman og loks Brosandi land, 1940. Til þessa hafði Tónlistarfélagið í Reykjavík staðið fyrir helstu óperettuuppfærslunum hér á landi en þegar ákveðið var að setja á svið eina vinsælustu óperettu allra tíma gekk Leikfélag Reykjavíkur í kompanýið um uppfærsluna. Óperettan heitir Ungfrú Nitouche og að sjálfsgöðu kom engin önnur til greina í hlutverkið en sjálf óperettudrottningin, Sigrún Magnúsdóttir. Alls tóku 20 leikarar þátt í sýningunni og annar eins hópur var í hljómsveitinni. Leikstjóri var sem fyrr Haraldur Björnsson. Ungfrú Nitouche fékk glæstar viðtökur. Aldrei áður hafði sést svo vegleg og vönduð óperettusýning á Íslandi. Í það heila urðu sýningar á Nitouche 73 talsins og áhorfendur um 40 þúsund.

Eitt stærsta ár íslenskrar leiklistarsögu er án efa árið 1950. Árið sem Þjóðleikhúsið tekur formlega til starfa. Sigrún hefur þar störf og lýkur jafnframt sínum glæsta leikferli. Lék hún í ýmsum sýningum þar á meðal Skugga-Sveini eftir vestfirska skáldið Matthías Jochumsson. Árið 1954 setur leikhúsið óperettuna Nitouche á svið þar sem Sigrún leikur aðalhlutverkið á nýjan leik. Er sýningum lauk ákvað Sigrún að ljúka leikferli sínum. Hún hafði starfað í leikhúsinu í 25 ár, var orðin fimmtug og nú var kominn tími til að aðrir tækju við. Bláðið Haukur



tók sannkallað stjórnuviðtal við óperettudrottninguna við þessi tímamót og að sjálfsgöðu var byrjað á því að spyrja af hverju hún væri að kveðja leiksviðið. Það stóð ekki á svari drottningarinnar:

„Það eru ýmsar ástæður til þess að ég taldi rétt að hætta leiklistarstarfsemi nú og snúa mér að öðrum verkefnum. Annars dylst mér það ekki, að ég mun sakna leiksviðsins og samstarfsins við reykvísku leikaranna, en það tjáir ekki að setja það fyrir sig. Þegar maður hefur tekið einhverja ákvörðun verður maður að fylgja henni fram. Ég hef valið mér annað starf og sest nú að í fæðingarbæ mínum, Ísafirði, en kannski er ekki með öllu útilokað, að mér gefist kostur á að vinna eitthvað fyrir listina þar.“

Sigrún sagðist nú ætla að snúa sér að öðrum verkefnum. Hún var meðeigandi að hannyrðaverslun með mágkonu sinni, Kristínu Gísladóttir, á Ísafirði hvar hún starfaði um árabíl. Þó hún ætti ekki eftir að leika oftar þá lagði hún leikhúsinu vestfirska lið með því að setja upp leiksýningar. Setti hún m.a. upp fyrstu sýningu Litla leikklúbbsins sem var Lína

Langsokkur, 1966, eftir Astrid Lindgren.

Sigrún Magnúsdóttir andaðist 7. júlí árið 1981. Fjölmargar minningargreinar voru ritaðar um hana og er við hæfi að enda þetta greinarkorn með því að vitna í þessi minningarorð:

„Glaða brosið og hláturinn, hinn dillandi káti söngur hennar og blikið í augunum, lifir nú aðeins í minningum. Hún átti áhorfendur og okkur, sem lékum með henni. Þeir sem sáu hana gleyma því aldrei.“

*Elfar Logi Hannesson*

Meðfylgjandi myndir eru allar í eigu Ljósmyndasafns Ísafjarðar

#### Heimildir:

*Haukur*, blað, 1954.

*Lárus Pálsson leikari*. Þorvaldur Kristinsson, 2008, JPV útgáfa.

*Leikfélag Reykjavíkur. Aldarsaga*. Þórunn Valdímarsdóttir og Eggert Þór Bernharðsson, 1997, Leikfélag Reykjavíkur, Mál og menning.

*Leikfélag Reykjavíkur 50 ára*. Ýmsir, 1947, HF Leiftur.

*Leikhúsmál 1941 – 1947*.

*Lífið lék við mig*. Haraldur Jóhannsson, 2001, Skjaldborg.

*Óperettudrottningin Sigrún Magnúsdóttir*. Valgarður Stefánsson, 1998, Morgunblaðið





HÚSASMÍÐJAN  
HLUTI AF BYGMA

blómaval

# AFSLÁTTAR KVÖLD

á Ísafirði  
fimmtudaginn  
10. nóvember  
kl. 17-21

**25%**

**afsláttur**

Af ÖLLUM vörum  
í Blómavali

**20%**

**afsláttur**

af ÖLLUM  
verkfærum

**25%**

**afsláttur**

Af jólaljósum  
og jólaseríum

**25%**

**afsláttur**

af ÖLLUM  
smáraftækjum

**25%**

**afsláttur**

af ÖLLU  
jólaskrauti

**25%**

**afsláttur**

af ÖLLUM  
búsáhöldum

Afsláttur gildir eingöngu  
í verslun okkar á Ísafirði  
á fimmtudag kl 17-21.

Afsláttur gildir ekki af vörum merktum  
„Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“  
eða tilboðsvörum.



Byggjum á betra verði

www.husa.is



**Útgefandi:** Athafnagledi ehf., kt. 690715-0740  
**Afgreiðsla og ritstjórn:** Mánagötu 2, Ísafirði, sími 456 4560  
**Ritstjóri BB og bb.is:** Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is  
**Abyrgðarmaður:** Bryndís Sigurðardóttir.  
**Blaðamaður:** Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is  
**Auglýsingar:** Sími 456 4560, auglysingar@bb.is  
**Prentvinnsla:** Litróf ehf.  
**Upplag:** 2.200 eintök  
**Dreifing:** Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum  
**Stafræn útgáfa:** www.bb.is / facebook.com/pages/bbis  
**Önnur útgáfa:** Á ferð um Vestfirði  
 ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á póstfangið bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

## Ritstjórnargrein

# Allt með ólíkindum

Þegar þessi leiðari er skrifaður er eiginlega allt í uppnámi, meira að segja vetur konungur sem ítrekað hefur hótað slyddu og kulda er ekkert nema orðin tóm og fréttir berast af 18 stiga hita á landinu. Skíðaáhugamenn eru farnir að ókyrrast og vélsleðar björgunar-sveitanna ryðga í skýlum en almennt séð erum við nú samt þakklát fyrir blíðviðrið.

Í dag eru forsetakosningar í Bandaríkjunum og þegar þetta blað kemur út er orðið ljóst hvort þjóðin sú arna kaus yfir sig forheimskandi og stórhættulegan mann fyrir heimsbyggðina gjörvalla, því meðan bandarísk þjóð telur sig mikilfenglega er mjög mikilvægt að í stafni hennar standi þokkalega innréttaður einstaklingur. Eða, hvort óhemju klár og að því er virðist vel þenkjandi kona sest í hásætið, kona sem hefur setið undir endalausum árásum og ásökunum feðraveldisins, ásökunum sem nánast jafnharðan hafa verið hraktar. Eins og staðan er í dag er mjótt á munum og það er því alvöru möguleiki, eina ferðina enn, að algjörlega óhæfur maður sé tekinn fram yfir mjög hæfa konu. Þetta er gömul saga og ný, leið kvenna til forystu er vörðuð mörgum hindrunum og þykku glerþaki en þó er enn verra skorturinn á hindrunum fyrir óhæfa menn að leiðtogastörfum. Það er staðreynd að við samþykkjum frekar meðalmanninn sem betri leiðtoga en meðalkonu, jafnvel afburðakonu, niðurstaðan er sjúkt kerfi sem verðlaunar menn fyrir vanhæfni þeirra og refsar konum fyrir hæfni þeirra, öllum til tjóns. Þetta er óþolandi sannleikur!

Enn logar þjóðfélagið vegna úrskurðar kjararáðs um hækkunar til handa ráðamönnum þjóðarinnar og viðbúið að kjarasamningar sem leysa þarf á næstunni verði í hörðum hnút. Það verður verkefni næstu ríkisstjórnar að sigla þjóðfélaginu í gegn um þá ólgu og verður það ekki ófundsvært verkefni. Það er ekki einfalt að uppfylla öll kosningaloforðin um „allskonar fyrir aumingja“ eins og Jón Gnarr orðaði það um árið. Bættar samgöngur og betra heilbrigðiskerfi, ekki víst að það verði mikill afgangur í það þegar búið er að hækka laun allra um 45%.

En allt fer þetta einhvern veginn, það verður kosinn forseti Bandaríkjanna, það mun verða mynduð ríkisstjórn á Íslandi og jólin koma, það eina sem er óljóst er hvort það komi snjór.

BS



Eyþór Gunnarsson, Andri Ólafsson, Matthías Hemstock og Eðvarð Lárusson léku með Villa Valla á tónleikumum.

# Húsfyllir hjá VV & landsliðinu

Það var húsfyllir á tónleikum Villa Valla og félaga í Edinborgarhúsinu á laugardagskvöld. Tónleikarnir báru yfirskriftina uppáhaldslög Villa Valla og á dagskránni voru djassstandar sem allir eiga að kannast við, lög eftir t.d. Duke Ellington, Dave Brubeck og Jón Múla Árnason. Hljómsveitin lék einnig lög eftir Villa sjálfan og eitt lag eftir Baldur Geirmundsson. Tónlistin rann ljúft í gesti, enda ekki á hverjum degi sem landsliðið í djassi treður upp á Ísafirði með okkar eigin Villa Valla sem fyrir löngu er orðinn eins manns menningarstofnun hér í bæ.



# Bestseller hefur opnað glæsilega netverslun

Nýskráðu þig á [bestseller.is](https://bestseller.is)  
og fáðu 15% afslátt!



Mikið úrval af  
flottum vörum  
fyrir alla  
fjölskylduna



[bestseller.is](https://bestseller.is)  
netverslun

**BESTSELLER**

**VERO MODA**

**name it**

**JACK & JONES**

**VILA**

**SELECTED**

# Þín Þingeyri



Andrea Stralla, Marco Cibrario, Elisa Sarasso og Francesca Adamo.

Í byrjun ágúst birtust á Þingeyri fjórir ungir landslagsarkitektar, komu sér fyrir í gömlu húsi og hófu að rannsaka líf og starf íbúa í þessu fallega þorpi. Þetta unga fagfólk hafði á ferð sinni um Ísland í fyrri tekið ástfóstri við landið og vildu koma til baka, nýta sína faglegu þekkingu og skila uppbyggilegu verkefni inn í samfélagið. Þau ákváðu að nýta sumarfríð sitt til þess arna og endurgjald er aðeins góð reynsla.

Að velja Þingeyri sem viðfang var ekki óvart eða tilviljun. Allir bæir á Vestfjörðum, en þau höfðu ákveðið að á Vestfjörðum skyldu þau vera, voru skoðaðir og metnir og Þingeyri var svo heppin að skara framúr og í kjölfarið valið sem viðfang í verkefninu þeirra.

Vestfirðir voru áhugaverðir að þeirra mati, ekki síst vegna þess að þeim fannst kjálkinn nokkuð frábrugðinn öðrum svæðum á Íslandi, fámennið, veðrið og svo tækifærin sem felast í aukningu á ferðamönnum. Samgöngubætur sem nú glittir í muni breyta Þingeyri til frambúðar og nú er tíminn til að ákveða stefnuna því það skipti máli að vera viðbúin þróuninni og takast á við hana í sátt við samfélagið. Þingeyri er eitt af þeim þorpum á Vestfjörðum sem hringvegur Vestfjarða liggur í gegnum, það mun breytast

við komu ganga undir Hrafns-eyrarheiði en engu að síður mun Þingeyri vera mikilvægur áfangastaður ferðamanna þegar göngin koma. Þingeyri er nokkuð miðsvæðis milli þéttbýliskjarna Vestfjarða, það býður upp á tækifæri í þjónustu ferðamanna.

Þess vegna komu þau á Þingeyri, til að gera gagn, nýta sína faglegu þekkingu, njóta stórbrotinnar náttúru og kynnast Þingeyringum.

## Rannsóknin

Hópurinn lagði sig fram um að skoða sögu Þingeyrar, í fortíð og nútíð. Þorpið á sér langa sögu og þar var til dæmis fyrsta þing víkinga haldið og landnámssagan er ríkuleg. Mannfjöldapróun Þingeyrar hefur verið heldur niður á við og stanslaus fækkun frá 1990 en þá hafði íbúafjöldinn verið í nokkru jafnvægi í þrjátíu ár eða frá árinu 1950. Þeim tæplega 800 sálum sem bjuggu Þingeyri árið 1920 hafði þá fækkað niður í um 500 en núna eru íbúar um 260.

Hvað varðar skipulag bæjarins fannst þeim að það skorti miðbæ en svæðið í kringum bensinstöðina og höfnina væri tilvalið til að mynda góðan miðbæjarkjarna. Engar verslanir eru á Þingeyri núna, aðeins bensinstöð með lágmarksnaudsýnjar og þar er líka boðið upp á veitingar. Yfir

sumarið er einnig opið kaffihús og hótél. Sú þjónusta sem nú er boðið upp á er staðsett á svæðinu frá höfninni, að bensinstöðinni og Simbahöllinni og við framtíðarskipulag þarf að grípa menningarlega tengingu á svæðinu.


Hópurinn gerði könnun meðal íbúa og meðal ferðamanna á Þingeyri enda var hugmyndin að þróa og gera tillögur að framfarastefnumörkun með hugmyndir íbúa að leiðarljósi, og þeirra ferðamanna sem þegar hafa valið að gera Þingeyri að sínum áfangastað. Hvað varðar spurningar til íbúa var lögð áhersla á að fanga skoðanir íbúa til atvinnumöguleika, menningu, þjónustu, áhugamála og samheldni íbúa. Íbúar voru sömuleiðis beðnir um að meta möguleika Þingeyrar til framtíðar.

Spurningaskjal lá frammi í Sundlaug Þingeyrar, á bensinstöðinni, í upplýsingamiðstöð ferðamanna í Salthúsinu, í Simbahöllinni og í Grunnskólunum.

## Niðurstöður

Það voru 53 sem svöruðu spurningunum, 31 heimamaður og 22 ferðamenn.

Íbúar og ferðamenn voru spurðir hvort þeim þætti eitthvað mega bæta á Þingeyri og þar bar mikið á milli í viðhorfum íbúa og



Hér má sjá hvernig hægt er að feta sig áfram að merki sem sameinar og útskýrir.

ferðamann. 84% heimamanna töldu að það mætti ýmislegt betur fara meðan aðeins 9% erlendra ferðamenn gátu látið sér detta í hug vandamál. Íbúar voru frekar ósáttir við veitta þjónustu á staðnum en erlendir sem innlendir ferðamenn voru miklu sáttari við þjónustuna, meira að segja vegna. Nánast allir voru himinlifandi með fagra fjallasýn Þingeyrar, afar mikil ánægja með sundlaugina en íbúar mátu gömlu húsin betur en ferðamenn gera.

Aðspurðir voru langflestir erlendir ferðamenn tilbúnir að koma aftur til Þingeyrar, sérstaklega ef þeir fengu betri aðkomu að íbúum bæjarins, að upplýsingagjöf yrði bætt sem og göngu- og hjólaleiðir.

## Tillögur


Helstu niðurstöður eftir að rýnt var í svör við spurningum



Hér er búið að aðlaga bæjarmerkið að sjávarútvegi.



Aðgreina má merkin með litum og texta.



**Þau Francesca, Andrea, Marco og Elisa hafa nú skilað bæði skýrslu og teikningum til bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar og nú er framhaldið í höndum heimamanna.**

og fjölmörgum viðtölum við bæði íbúa og gestkomandi hefur hópurinn sett saman nokkrar tillögur til bóta.

Hvað varðar umhverfis- og félagslegt sjónarhorn þarf að leggja meiri áherslu á náttúruna og skipuleggja græn svæði, til dæmis með skrudgarði eða almenningsgarði í þorpínu. Nýta má fjallasýnina og nálægðina við fjöllin til að byggja upp heilnæm svæði. Búa til grillaðstöðu fyrir bæjarbúa og samkomustað utandyra og tengja má sveit og bæ með skipulagðri aðstoð í sveitinni.

Til að auka samskipti og upplýsingagjöf er brýnt að framleiða meira af góðu efni um Þingeyri og bæta upplýsingamiðstöðina, sömuleiðis vantar að bæta við ýmis konar skiltum í þorpínu.

Hópnun fannst vera tilefni til að bæta þjónustu í þorpínu, til dæmis að fjölga gistiheimilum og kaffihúsum, nýta betur hafið til afþreyingar, til dæmis að bjóða upp á hvalaskoðun og svo væri grúpplagt að leggja meiri áherslu á bæjarhátíðir. Almenna grunnþjónustu til íbúa er mikið ábótavant og þarf að bæta.

#### Og hvað

Hópnun var ljóst að fækkun í þorpínu væri vandamál og íbúum sviður sú staðreynd að unga fólk sem fer í burtu til náms kemur sjaldnast aftur. Kollsteypur í sjávarútvegi hafa valdið mörgum búsiþjum og oft verða íbúar að sækja vinnu út fyrir Þingeyri. Skortur á þjónustu er algengt umkvörtunarefni og oft er of langt til bæjaryfirvalda. Samgöngur eru ekki góðar, það eru háar heiðar á bága bóga og valda þær erfiðleikum yfir vetr-

armánuði. Íbúar gera sér líka grein fyrir að það vantar betri upplýsingagjöf til ferðamanna.

Framtíðin kemur, hvað sem hver segir og Þingeyri þarf að ákveða hvernig þorpið ætlar að mæta henni og hópurinn lagði til nokkur markmið.

- Auðvelda þeim sem vilja byggja upp fjölbreytta afþreyingu á þorpínu enda séu gerðar kröfur til áfangastaða ferðamanna að þar sé eitthvað við að vera.

- Bæta þjónustu við bæjarbúa, það þarf að uppfylla þarfir íbúa fyrir þjónustu, annars verða menn, og munu gera, að leita annað.

- Auðvelda nýbúum að aðlagast til dæmis með nýju sameiningartákni.

Þegar hér var komið sögu þurfti að koma með tillögur því eftir margra vikna rannsóknir og samtöl tóldu þau vandamálin vera komin upp á borðið og sömuleiðis var búið að orða markmiðin. Og næsta skref var að skilgreina hvað skildi gera. Hópurinn hefur ekki setið auðum höndum, því þau kynntu fyrir bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar niðurstöður sinna rannsókna, ásamt því að leggja til ákveðnar framkvæmdir. Þau kynntu til sögunnar nýft merki fyrir Þingeyri og þau hafa með aðstoð grunnskólanna á Þingeyri unnið verkefni sem hægja á umferð við grunnskólann. En það er fleira sem þau leggja til, eftir að hafa teiknað upp í köngulóarrit merkilegar byggingar, söguskoðunarstaði, menningu, svæði tengd sjávarútvegi og svæði tengd íþróttum og útivist er kominn grunnur að upplýsandi sögugöngu fyrir ferðamenn því allir staðir hafa sögu að segja, það







þarf bara að segja hana. Eins og kom fram í rannsókninni þá óska ferðamenn eftir að nálgast heimamenn og þeim þyrstir í sögur.

### Nýtt merki Pingeyrar

Hópurinn vann upp úr sögu staðarins nýtt byggðamerki sem svo er hægt að aðlaga að ákveðnum sérþáttum eins og til dæmis sjávarútvegi, Pingeyri sem höfuðborg vestfirskra Alpa, þingstaðurinn Pingeyri og svo framvegis.

Og þar sem meðlimir hópsins eru lærdir landslagsarkitektar áttu þau auðvelt með að teikna upp og birta hugmyndir sínar myndrænt, til dæmis dásamlega grillaðstöðu við sjóinn með útsýni til allra átta.

Gamall tankur fær nýtt hlutverk, skorinn í tvennt og nýttur í almenningsgarð og lagði hópurinn til fjórar mögulegar staðsetningar á almenningsgarði.



- Nálægt Víkingasvæðinu, því þar er nægt landrými og gæti dregið fleira fólk að svæðinu en á móti kemur að eðli almenningsgarðs gæti verið of ólíkt eðli Víkingagarðsins.

- Við enda atvinnusvæðisins út á tanganum en atvinnustarfsemi hefur oft mikið aðdráttarafl fyrir gestkomandi, það upplýsir ferðamanninn vel um líf og starf heimamanna. Þarna er líka mikið og gott útsýni en staðsetningin er úr alfaraleið og gæti farið fram hjá gestum og jafnvel takmarkað möguleika heimamanna á að nýta garðinn.

- Nálægt höfninni, en tenging við höfnina getur verið spennandi

og býr til mörg tækifæri en landrými er lítið og hugsanlega of tengt gömlum tíma til að hægt að sé að byggja upp nýja ímynd.

- Nálægt vinnustofunni, en sú staðsetning er í alfaraleið og fer ekki framhjá neinum, er nálægt skólanum og góð tenging við listamennina en er hugsanlega of langt frá miðju bæjarins.

Hópurinn teiknar upp gamla beyglaða tankinn í skemmtilegan almenningsgarð og leggur áherslu á að framtíðin liggi í að finna góða sögu, fá aðstoð listarinnar til að finna góða framsetningu og framkvæma svo.

*Bryndís Sigurðardóttir*

## Tillaga að starfsleyfi

### FYRIR ARCTIC SEA FARM

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir liggur nú frammi til kynningar tillaga að starfsleyfi fyrir Arctic Sea Farm, kt. 700807-0450, vegna sjókvíaldis í Dýrafirði, Ísafjarðarbæ.

Tillagan, ásamt fylgiskjöllum, mun liggja frammi til kynningar í afgreiðslu stjórnsýsluhúss Ísafjarðar, Hafnarstræti, Ísafirði, á tímabilinu 9. nóvember – 5. janúar 2017.

Athugasemdir við tillöguna skulu vera skriflegar og sendar Umhverfisstofnun. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 5. janúar 2017.

Einnig má nálgast tillöguna og fylgiskjöl á [umhverfisstofnun.is](http://umhverfisstofnun.is)



Marco, Andrea, Elisa og Francesca.

## Gísli á Uppsölum

Einarshúsi Bolungarvík

sunnudaginn 13. nóvember kl. 20.00

Míðasölusími 456 7901





# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS B

## ÓDÝR PIZZUVEISLA

## 2 PIZZUR Í PAKKA



**198**  
kr. 400 g

**Wewalka Pizzadeig**  
Ferskt, 400 g



**398**  
kr. pk.

**Chicago Town Pizzur**  
2 stk. í pakka, 2 teg.



**759**  
kr. 4x1,5 l

**Coca-Cola kippa**  
4 x 1,5 lítrar

# GOTT VERÐ Í BÓNUS



**298**  
kr. 200 g

**Bónus Súkkulaði**  
Hvítt, 200 g



**198**  
kr. 100 g

**Bónus Suðusúkkulaði**  
70%, 100 g



**298**  
kr. 300 g

**Heima Suðusúkkulaði**  
300 g



**179**  
kr. 50 ml

**Bónus Vanilludropar**  
50 ml



**198**  
kr. 200 g

**Bónus Súkkulaðihjúpur**  
Ljós eða dökkur, 200 g



**298**  
kr. 400 g

**Bónus Piparkökur**  
400 g



**EKKI FYRIR SPANHELLUR**

**1.798**  
kr. stk.

**Look Steikarpanna**  
18 cm

# SAMA VERÐ UM LAND ALLT



**398**  
kr. pk.

**Amerísk smáeppli**  
Rauð, 1,36 kg



**398**  
kr. 500 g

**Akursel Gulrætur**  
Lífrænar, 500 g



**298**  
kr. stk.

**Bic Kveikjari**  
Stór



**598**  
kr. pk.

**Kubbakerti**  
12x4 cm, 4 stk.

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Verð gildir til og með 13. nóvember eða meðan birgðir endast





## Sportið í beinni

**fimmtudagur 10. nóvember**

18:00 Golf - PGA Tour

19:05 Grindavík - Njarðvík

**föstudagur 11. nóvember**

17:00 Armenía - Svartfj.land

18:00 Golf - PGA Tour

19:45 N-Írland - Aserbaídsjan

19:45 Frakkland - Svíþjóð

19:45 Þór P. - Stjarnan

19:45 England - Skotland

21:45 HM Markasyrpa

22:00 Körfuboltakvöld

01:00 Ok City - L.A. Clippers

**laugardagur 12. nóvember**

08:00 Golf - European Tour

13:55 F1: Æfing - Brasilía

15:30 FE: Marrakech

16:20 Keflavík - Grindavík

16:50 F1: Tímataka - Brasilía

17:00 Tyrkland - Kósóvó

17:00 Austurríki - Írland

17:00 Georgía - Moldavía

18:00 Golf - PGA Tour

19:45 Úkraína - Finnland

19:45 Spánn - Makedónía

19:45 Wales - Serbía

21:45 HM Markasyrpa

23:30 Króatía - Ísland

03:00 UFC 205:

Alvarez vs McGregor

**sunnudagur 13. nóvember**

08:00 Golf - European Tour

16:30 F1: Keppni - Brasilía

17:00 Lúxembúrg - Holland

17:00 Búlgaríá - Hv.-Rússland

17:00 Sviss - Færeyjar

18:00 Golf - PGA Tour

19:45 Belgía - Eistland

19:45 Portúgal - Lettland

19:45 Grikkland - Bosnía

21:00 Leikur í NFL

21:45 HM Markasyrpa

**mánudagur 14. nóvember**

20:00 Golf - LPGA Tour

## Dagar Íslands

**10. nóvember 1913:**

Járnbrautarlest var notuð til fólksflutninga á Íslandi í fyrsta skipti. Verktakar breyttu flutningalest og fluttu blaðamenn og farþega frá Reykjavíkurböfn að Öskjuhlíð.

## Helgarveðrið

**Á föstudag:**

Allhvöss eða hvöss austan- og suðaustanátt. Talsverð rigning sunnan- og vestantil, en annars rigning eða slydda með köflum. Hlýnandi veður.

**Á laugardag:**

Suðvestlæg átt. Stöku él vestantil á landinu, en rigning, slydda eða snjócoma austantil fram eftir degi. Hiti 0 til 5 stig við sjóinn, en vægt frost til landsins.

**Á sunnudag:**

Suðlæg átt með rigningu og heldur hlýnandi veður, en þurrt fyrir norðan.

# Krossgátan

		HÓPS	KIND	HEIMS-ÁLFU		TVEIR EINS	BLÁ-FÁTÆKUR	RANGL
	UMBÆTUR							
	UMRÓT				AF			
					FYRIR			
	ELDS-NEYTIS					HVORT		
						NUDDA		
	KLAUFI							STÓ
	HANDA							
	↓	VANDRÆÐI	MJAKA			ENDAST		
			EKKI			MÁTTLEYSI		
ÞVERVEGA					BLANDAR			
					ASKA			
ÞVENGUR				GLUMDI			GETRAUN	
				SOG				
KRÐAK			FRUMEIND			TÁLBEITA		
			NÓTA			RÚM		
VEIÐAR-FÆRI			MARÐAR-DÝR				UTAN	
			GLATA				STELA	
MERGÐ					UNGT			FLYTJA
					FORMÓÐIR			
		NOTA				SKORDÝR		
		GERST				SPILLA		
MÆLI-EINING				FARÐI				HREKJA
				AN				
TVEIR EINS			SJÚK-DÓMUR			ÁI		
			VÆTA			FOR		
ÞJÓTA			BANDA				RÁS	
			ÓNEFNDUR				ÆTÍÐ	
DÝRKA					RÓTA			
ÖTULL					EIN-SÖNGUR			



Simi í Bolungarvík 450 7900  
Simi á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

Fréttir og  
upplýsingar um  
réttindi og kjör  
á vinnumarkaði  
[www.verkvest.is](http://www.verkvest.is)



# Lausn á síðustu krossgátu

			ALGER	PÁTTAKANDI	VEGUR		EYDI-LEGGJA	FRÁFALL	GORTA		
			NABDÝR	H	A	G	A	M	Ú	S	
			ELLEGAR	E	Ð	A	STEFNA ADFALL	Á	T	T	
			MÁLA	L	I	T	A	HLJÓTA AKSTURS- IDROTT	F	Á	
			RAUSA ERFIÐ	B	L	A	Ð	R	A	T	
			PÖGN TVEIR EINS	Ð	E	I	VIÐSKIPTI HLJÓDFÆRI	S	A	L	A
MANN- VERA	M	A	Ð	U	R	HÓPUR FJÖR	H	O	L	L	NAGA
EYDIMÖRK	A	U	Ð	N	STERTUR RÓTA	T	A	G	L	ILÁT	N
TVEIR EINS	R	R	LITLAUS GRAS	G	R	Á	R	FISKUR SVELG	Ý	S	A
LOFT- TEGUND	G	A	S	FRAMA- GÓSI TÓNVERK	U	P	P	I	GJAL- MIBILL TVEIR EINS	K	R
GLAÐUR	H	R	E	S	S	VARKÁRNI MÁLUR	A	Ð	G	Á	T
	Y	MANNESKUR BLÓÐVATN	F	Ó	L	K	FUGL DANS	U	G	L	A
Í RÖÐ	R	S	NASL Í MIÐJU	N	A	R	T	ÆFA	LASLEIKI	SKARÐ	SKRAMBI
SKYNDI	N	E	M	A	VAFI	Ó	V	I	S	S	A
SKITUR	D	R	I	T	ÓTHLUTUN TVEIR EINS	M	I	Ð	L	U	N
AFSPURN	U	M	T	A	L	SPOTT	S	K	E	N	S
BÓK	R	I	T	SLÚTANDI	L	Ú	T	A	N	D	I

## Sudoku þrautir

					9			
	5			3				4
3			7	1				9
2	9							
			2	9	3			6
7		1						
6	4				8	9		5
1					5			2
	3							7

	3	6	7	2	1			
2		9					7	
	4		3		8	1		
	9				4		3	
3				1	6		5	9
1			8	3				
4						2	9	
			9	5			6	
	2		6		7			8

# Lions býður upp á blóðsykurs- mælingu



Lionsklúbbur Ísafjarðar með dyggum stuðningi Hjúkrunarfélags Vestfjarða og Sjúkraliðafélags Vestfjarða býður upp á blóðsykursmælingu í Bónus og Samkaup dagana 10. og 11. nóvember milli kl. 15 og 17. Alþjóðadagur sykursýki er mánudaginn 14. nóvember og er blóðsykursmælingin hluti af alþjóðlegu árveknitaki Lions-hreyfingarinnar. Mælingin er að sjálfsögðu öllum að kostnaðarlausu.

## smáar

Til sölu Pajero Sport árg. 2004. Þrælskemmtilegur bíll - ný tímareim og í góðu standi. Uppl. í síma 698 3631

## PRENTUM ALLT MILLI HIMINS


OG

## JARÐAR



Mánagötu 2  
400 Ísafirði  
Sími: 456 4560  
Netf.: honnun@bb.is

## Notað kælikerfi til sölu



Dorin H200 CS kælipressa (10m<sup>3</sup>/klst) með LP/HP pressóstatu síðan 2015.

Gamall vatns eimsvali ásamt öryggisloka. Eimarabúntfrá Ciarco með þremur einfasa víftu og R134a pennsluloka frá Danfoss.

Upplýsingar í síma 897-6744, netfang; hafsteinn@hafsteinn.is



ÍSAFJARÐARBÆR

## Atvinna

Laust er til umsóknar starf verkstæðismanns við Þjónustumiðstöð Ísafjarðarbæjar.

Umsóknarfrestur er til og með 15. nóvember.

Nánari upplýsingar á [www.isafjordur.is](http://www.isafjordur.is).



## Endurmenntun lbhí

### Ostagerð

Heimavinnsla mjólkurafurða  
Halditö í samstarfi við Fræðslumiðstöð Vestfjarða

Námskeiðið er bland af verklegri og bóklegru kennslu þar sem framleiðsla einstakra ostategunda er skoðuð út frá mismunandi vinnsluáferðum á t.a.m. skyri, brauðosti, gráðosti og smurosti.

**Kennari:** Þórarinn Egill Sveinsson mjólkurverkfræðingur.

**Tími:** Lau. 19. nóv. kl. 10:00-17:00 að Núpi í Dýrafirði.

**Verð:** 17.900 kr. (Ostagerðarbókin innifalinn í verði)



[www.lbhi.is/namskeid](http://www.lbhi.is/namskeid) • [endurmenntun@lbhi.is](mailto:endurmenntun@lbhi.is) • 433 5000

## Þjónustuauglýsingar



HRADFYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.  
- sjálfbær úþving sjávarauðlinda



# Nærandi millimál ...er létt mál



**Gríptu með þér gríska jógúrt eða kotasælu**

Léttmál frá MS eru bragðgóðar nýjungar með hreinum grunni og bragðgóðu og hollu meðlæti. Grísk jógúrt með döðlum, möndlum og fræjum eða kotasæla með berjum og möndlum.

**LÉTTMÁL**